



**Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
1. janúar 2014**

Góðir Íslendingar.

Við Dorrit óskum ykkur öllum gleðilegs árs og vonum að rísandi sól leiði fjölskyldu og vini áfram veginn til góðra verka og betra lífs.

Oft er haft á orði að við Íslendingar séum eins og ein fjölskylda, sýnum samhug þegar áföll dynja yfir eða hamfarir ógna byggðarlögum. Á örlagastundum hefur samstaðan ráðið úrslitum og nú í vetur vorum við enn á ný minnt á sigrana sem hún skóp.

Hátíðarhöldin í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar árétuðu að heimkoma handritanna var ávöxtur af órofa samstöðu Þjóðarinnar, krafti sem gaf kjörnum fulltrúum og fræðasveit styrk til að sannfæra Dani; lausnin innsigli á ævarandi vináttu hinna norrænu frænda.

Það var því gleðiefni að Margrét drottning Danmerkur fagnaði með okkur í Þjóðleikhúsi, hlýddi á listafólk og rithöfunda, litríka dagskrá um samhengið í þúsund ára sögu okkar. Handritin sem Árni forðaði frá glötun, Gerpla Halldórs Laxness, Blóðhófnir Gerðar Kristnýjar og Sturlungubækur Einars Kárasonar eru greinar af sama meiði; sögur og ljóð frá öllum öldum okkur það sem hallir, kastalar og höfuðkirkjur eru öðrum.

Sigurinn í baráttunni fyrir heimkomu handritanna er meðal margra dæma um að samstaðan hefur reynst okkur Íslendingum farsælli leið en deilur og átök sem oft fanga athygli líðandi stundar.

Í glímunni við afleiðingar bankahrunsins varð ágreiningurinn iðulega svo margþættur, illskeyttur og langvarandi, að lærdómar sögunnar um samstöðuna hurfu að mestu í skuggann.

Nú er hins vegar nauðsynlegt, já reyndar brýnt, að hefja þá til vegs á ný, gera að leiðarljósi við lausn sem flestra mála, leita sátta og samstöðu í stað þess að kasta æ fleiri sprekum á ófriðarbálið.

Fjölmiðlun samtímans er því miður þess eðlis að ágreiningur er talinn meiri frétt en sáttargjörðin, niðurstaða sem fékkst með friði. Það er verklag sjónvarpsins og fleiri miðla, bæði hér og í öðrum löndum. Eric Schmidt, stjórnandi Google, hefur í nýrri bók um áhrif netsins og samfélagsmiðla lýst á skarpan hátt hvernig þessi nýja tækni opnar flóðgáttir neikvæðni, illmælgis og jafnvel haturs – löngunin til að höggva helsti hvatinn í síbylju bloggsins. Margir gerast þannig í netheiminum vígamenn, líkjast Þorgeiri Hávarssyni sem spurður var hví hann hjó saklausan sauðamann. Svarið: „Eigi hafði hann nokkurar sakar til móts við mig en hitt var satt að eg mátti eigi við bindast er hann stóð svo vel til höggings.“

Þjóð sem gleymir sér í hringiðu gagnrýni og ágreinings, glatar sínu sögulega minni um mátt samstöðunnar, er komin á hættulegar villigötur; þarf að rifja upp hvernig helstu burðarásar sjálfstæðis hennar, efnahagslífs og velferðar voru hertir í smiðju samstöðunnar.

Stjórnarskráin, heimastjórn, fullveldi og lýðveldisstofnun – allir byggðust þessir hornsteinar á samstöðu þjóðarinnar; sigrarnir unnust þegar hún réði för. Sundruð sveit náði aldrei neinum áföngum að sjálfstæði.

Sama gerðist í baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar – í 4, 12, 50 og loks 200 mílur. Þótt allar þjóðir Evrópu væru þá á móti okkur og Bretar beittu löndunarbanni, sendu herskipin á Íslandsmið, tókst einhuga þjóð að fagna sigri og hafa forystu um gerð alþjóðlegs sáttmála varðandi réttindin til auðlinda hafsins.

Þegar verðbólgan hafði í áratugi hamlað vexti atvinnugreina og skert lífsskjör launafólks náðist fyrir rúmum tuttugu árum þjóðarsátt um stöðugleika, varanlegan grundvöll framfara og velferðar.

Við munum líka hvernig eindreginn vilji þorra þjóðar færði okkur sigur í harðri deilu um Icesave; málstaður okkar reyndist að lokum hafa lögin með sér.

Merkilegt að bæði í baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar og við Icesave drauginn veitti samstaða þjóðarinnar réttlætinu brautargengi; lýðræðislegur vilji fólksins var reistur á bjargi.

Það er drjúg heimanfylgja að geta sótt í söguna, frá miðri nítjándu öld til okkar daga, fjölþætt dæmi um hvernig víðtæk samstaða hefur reynst Íslendingum farsæl, undirstaða varanlegs árangurs; en jafnframt áminning um að illindi og ágreiningur hafa litlu skilað.

Þótt málvenjan skipti Alþingi í stjórn og stjórnarandstöðu, er hollt að minnast þess að reisn þingsins var ætíð mest þegar flokkarnir báru gæfu til að standa saman; þingheimur vex af því að slíðra sverðin. Sú varð raunin þegar Alþingi tókst með öllum greiddum atkvæðum að endurnýja stjórnarskrána á lokaskeiði síðustu aldar: færa þjóðinni nýjan kafla um mannréttindi, breyta

kjördæmaskipan og kosningakerfi, afnema deildaskiptingu Alþingis og gera þingrofsréttinn lýðræðislegan – í heild viðamiklar breytingar á stjórnskipun landsins, studdar af öllum flokkum og fylkingum.

Máttur samstöðunnar hefur líka birst í baráttunni gegn neyslu áfengis og fíkniefna í grunnskólum landsins. Með samstilltu átaki allra íþrótt- og æskulýðssamtaka Íslands, sveitarfélaga, kennara, fræðasamfélags og fleiri hefur tekist að ná henni niður frá hættustigi fyrir röskum áratug í svo lágar tölur að athygli vekur víða um heim.

Nú, þegar við okkur blasa tímamót, að baki fimm ára glíma við afleiðingar bankahrunsins og framundan skeið endurreisnar, nýrrar sóknar, betra lífs, er brýnt að nýta enn frekar samstöðuna.

Í glímunni við skuldavanda heimilanna er sáttmáli kynslóðanna forsenda viðtækrar lausnar, líkt og þjóðaráttak er lykillinn að bættri kunnáttu í skólum landsins. Metnaður Íslendinga er að vera í fremstu röð í lestrargetu unglínganna; annað sæmir vart bókaþjóð, eins og við köllum okkur á góðri stundu.

Sama gildir um baráttuna gegn fátæktinni meðal okkar; ólíðandi með öllu að þúsundir þurfi að treysta á matargjafir um heilög jól og slíka aðstoð árið um kring. Það er sárt að áréttu aftur hér í ávarpi á nýársdag að slík fátækt, einkum ungra mæðra og einstæðinga, er smánarblettur á íslensku samfélagi; smánarblettur sem við gætum svo hæglega með samstilltu átaki komið í kistu liðinnar tíðar.

Samstaðan hefur jafnan reynst okkur vel þegar vanda þarf það sem lengi skal standa, verið leiðarljós um erfiða hjalla.

Auðvitað verða alltaf ýmis ágreiningsefni, togstreita um hagsmuni, sókn og vörn á vettvangi ákvarðana, tekist á um stefnur og trauma. Slíkt er og verður aðal hins lýðræðislega samfélags. En styrkur okkar, farsæld Íslendinga, mun vaxa jafnt og þétt þegar samstaða er lögð til grundvallar; hin litla þjóð sem á fáeinum áratugum treysti sjálfstæði sitt, innviði efnahagslífs og velferðar, öðlaðist í krafti eigin getu traustan sess í samfélagi ríkja heims.

Því er fagnaðarefni að Alþingi skyldi samþykkja einhuga stefnu Íslands í málefnum Norðurslóða, skapa traustar undirstöður að nýju burðarvirki í alþjóðatengslum Íslendinga.

Norðurslóðir sem áður voru taldar endimörk hins byggilega heims eru í vaxandi mæli hringiða nýrrar heimsmýndar, breyting sem Norðurskautsráðið staðfesti í maí með sögulegri samþykkt. Framvegis verður rúmur helmingur hinna svokölluðu G-20 ríkja, samtaka forystulanda í efnahagskerfi veraldar, á einn eða annan hátt með okkur við ákvarðanaborð Norðursins; þar með talin helstu ríki í Evrópu, Ameríku og Asíu.

Þessi þáttaskil skapa Íslendingum fjölda nýrra tækifæra – í vísindum, viðskiptum, atvinnulífi og menningu. Eyjan í útnorðri er nú komin í þjóðbraut þvera, lykilstöðu á svæði sem ráða mun miklu um þróun hinnar nýju aldar; áfangastaður þegar æ stærri hluti auðlindanýtingar og vöruflutninga verður um Norðrið; að ógleymdum milljónum ferðamanna frá öllum álfum sem vilja upplifa ævintýrin sem búa í náttúrunni, dást að miðnætursól og norðurljósum.

Hið aukna vægi Norðurslóða færir bræðralagi Íslendinga, Færeyinga og Grænlandinga margvísleg ný verkefni, gerir hið vestnorræna bandalag að burðarási við mótnun nýrrar heimsmyndar; munum að Grænland er að stærð á við hálfu Vestur-Evrópu og kýs nú í vaxandi mæli að nýta samvinnu við granna sína á Íslandi.

Málefni Norðurslóða eru og ört vaxandi viðfangsefni á fundum norrænna leiðtoga; sérstök málstofa kjarni í heimsókn forseta Finnlands hingað til okkar á liðnu ári.

Í fyrra fann ég líka á fjölmörgum fundum beggja vegna Atlantshafsins að Norðurslóðir eru nú efst á dagskrá þegar ræða skal samstarf við Ísland.

Þetta kom skýrt fram á fundum mínum í febrúar með forseta Frakklands François Hollande og fleiri frönskum ráðamönnum; í apríl með fjölda þingmanna í Washington, leiðtogum bæði repúblíkana og demókrata í öldungadeild; og í júní í viðræðum við Angelu Merkel kanslara Þýskalands, við forseta landsins Joachim Gauck og yfirvöld hafnarinnar í Bremen sem birtu okkur hugmyndir um nýja heimshöfn við Finna fjörð hér eystra.

Vilji Rússa til að efla gömul og góð tengsl við Ísland með auknum áherslum á Norðurslóðir birtist svo glögg í viðræðum við Vladimir Putin í september, vilji sem forseti Rússlands hefur reyndar lýst áður einkar skýrt.

Áhugi forysturíkja í Asíu kom einnig í ljós á rösklega þúsund manna alþjóðþingi sem haldið var í Hörpunni í október. Þangað flyktust fulltrúar frá Indlandi, Kína, Kóreu, Japan og Singapúr ásamt þátttakendum frá nær 40 öðrum ríkjum. Verkefnið: að ræða framtíð Norðurslóða, bráðnun íss og jökla, breytingar á loftslaginu, auðlindir og atvinnulíf, nýjar siglingaleiðir, vísindasamstarf, hagsmuni frumbyggja, löggjöf og réttarbætur, öryggismál og leikreglur.

Ísland sem var um aldir einangrað og á fyrstu áratugum lýðveldis heft í fjötra kalda stríðsins, er nú eftirsóttur bandamaður við þróun samstarfs um nýja Norðrið; er í lykilstöðu á vettvangi margra stofnana og tengslaneta, norrænna og evrópskra, og einnig þeirra sem teygja sig alla leið til Asíu og yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna og Kanada.

Það er gæfa lítillar þjóðar, sem nú er á tímamótum eftir glímuna við bankahrunið, að eiga kost á slíkri vegferð og geta nýtt hana í þágu allra; gæfa

efld af samstöðunni um Norðurslóðir sem tókst að skapa á Alþingi og studd er eindregnum vilja allra flokka, víðtækum áhuga háskóla, fræðasamfélags, atvinnulífs, fyrirtækja, samtaka á mörgum sviðum.

Samstaðan hefur líka reynst öðrum farsæl eins og heimsbyggðin rifjaði upp við útför Nelsons Mandela, leiðtogans sem þurfti að þola áratuga fangelsun en nýtti frelsið til að sýna blökkum og hvítum að framtíðin yrði að byggjast á gagnkvæmu trausti, jafnvel fyrirgefningu á fyrri óhæfuverkum; án sáttar yrði þjóðarheimilið aldrei heilt.

Við Íslendingar eigum líka lærdóma og leiðarljós, reynslu úr hirslum sögunnar, sem nýst geta okkur á nýrri braut, frá átakaskeiði liðinna ára til varanlegrar samheldni og samstöðu.